

41. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar
Fimmtudaginn 19. desember 2007, kl. 16:15.

Formaður bæjarráðs, Héðinn Sigurðsson setti fund og stjórnaði honum. Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Þriggja ára áætlun
 2. Framkvæmdaáætlun
 3. Fundargerðir
 - a) Stjórn SSNV 28. nóvember 2007
 - b) Menningar- og fegrunarnefnd 5. desember 2007 (Götuskilti)
 - c) Héraðsráð 3. desember 2007
 4. Þjóðlendukröfur á vestanverðu Norðurlandi
 5. Erindi frá Sigurlaugu Markúsdóttur
 6. Erindi frá Lánasjóði sveitarfélaga
 7. Tilboð í aðalskipulag
 8. Önnur mál
-

Afgreiðslur:

1. **Þriggja ára áætlun**

Bæjarstjóri kynnti áætlunina. Umræður urðu um einstaka liði áætlunarinnar.

2. **Framkvæmdaáætlun**

Bæjarstjóri fór yfir drög að framkvæmdaáætlun til 5 ára. Bæjarstjóra falið að vinna málið nánar með tæknideild. Fyrirhuguð skil er í marsmánuði 2008.

3. **Fundargerðir**

a) **Stjórn SSNV 28. nóvember 2007**

Lögð fram til kynningar

b) **Menningar- og fegrunarnefnd 5. desember 2007 (Götuskilti)**

Lög fram til kynningar.

c) **Héraðsráð 3. desember 2007**

Lögð fram til kynningar

4. **Þjóðlendukröfur á vestanverðu Norðurlandi**

Bréf frá Óbyggðanefnd þar sem fram kemur að frestur fjármálaráðherra til að lýsa hugsanlegum þjóðlendukröfum á vestanverðu Norðurlandi rennur út 31. desember. Málsmeðferð Óbyggðanefndar hefst í kjölfarið.

Bæjarstjóra falið að kynna málið fyrir landbúnaðarnefnd og athuga hvaða vinna hefur átt sér stað í nágrannasveitarfélögunum.

5. **Erindi dags. 10. Desember frá Sigurlaugu Markúsdóttur**

Erindi Sigurlaugar er þrjúþætt:

1. *Lýsa upp Túnaveg*

Bæjarstjóra falið að kanna hvort að þessi framkvæmd samræmist deiliskipulagi Blönduóssbæjar og samningum sem gerðir hafa verið um svæðið. Bæjarstjóra jafnframt falið að kanna hjá Vegagerðinni hvort að hægt verði að fjölga ljósastaurum meðfram þjóðvegi 1.

2. *Setja upp hraðahindranir á þremur stöðum í bænum*

Bæjarstjóri upplýsti að sett yrði upp hraðahindrun á Húnabraut á næstu vikum. Að öðru leyti vísar bæjarráð málinu til skipulags- og byggingarnefndar með það að markmiði að hægja á umferð í hverfum bæjarins og að endurskoða reglur um umferðarmál á Blönduósi.

3. *Ríkari eftirfylgni við lausagöngu hunda innan Blönduóssbæjar*

Bæjarstjóra falið að skerpa á eftirfylgni með banninu.

6. Erindi frá Lánasjóði sveitarfélaga

Tillaga frá LS að það kanni fyrir sitt leyti kosti og galla að sveitarfélög á Íslandi stofnuðu með sér félag sem gæti séð um hönnun, byggingu og rekstur fasteigna á sveitarfélaginu.

7. Tilboð í aðalskipulag

Stefán Árnason byggingafulltrúi mætti á fundinn og gerði grein fyrir tilboðum sem borist hafa í gerð aðalskipulags. Byggingafulltrúa veitt umboð í samstarfi við bæjarstjóra að ganga til samninga við Landmótun.

8. Önnur mál

Bæjarráð samþykkir að setja íbúð við Garðabyggð sem er í eigu bæjarfélagsins í sölumeðferð.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 18:30

Héðinn Sigurðsson (sign.)

Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)

Ágúst Þór Bragason (sign.)

Áheyrnarfulltrúi:

Valdimar Guðmannsson (sign.)

Amar Þór Sævarsson (sign.)